

Skipulags- og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar

Jóhanna Björg Hansen
sviðsstjóri umhverfissvið og skipulagsmála

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri Mosfellsbæjar

afrit á Guðmund Val Guðmundsson, Vegagerðinni

Sent með tölvupósti

Mosfellsbær, 7. september 2023

Efni: Endurskoðun samgöngusáttmála – almenningssamgöngur úr Mosfellsbæ og aðgengi strætisvagna

Undirritaður er íbúi í Mosfellsbæ en er eindreginn stuðningsmaður þess að bæta almenningssamgöngur úr Mosfellsbæ. Borgarlínan, þegar hún kemst á laggirnar, yrði mikil samgöngubót. Staðreyndin í dag er aftur á móti sú að stærsti fjármögnunaraðili Samgöngusáttmálans, ríkissjóður og fjármálaráðherra, hefur sagt forsendur sáttmálans og þar með Borgarlínu brostnar.

Leið Borgarlínunnar í Mosfellsbæ samkvæmt eldri áætlun var síðust í röðinni og átti að opna 2034. Því miður er ljóst að teknu tilliti til neikvæðrar þróunar og umræðu um Borgarlínuna, að opnun Borgarlínu til Mosfellsbæjar mun aldrei takast árið 2034. Jafnvel þótt endurskoðun og fjármögnun Samgöngusáttmálans takist, sem er mjög óvíst, þá eru sennilega að minnsta kosti 15-20 ár (eða árið 2044) þar til leið Borgarlínunnar mögulega liggur til Mosfellsbæjar, ef nokkurn tímann.

Í Mosfellsbæ hefur verið mikil uppbygging, vöxtur íbúafjölda og aðflutningur fjölskyldufólks, sem er afar jákvætt. Í Blikastaðalandi er verið að skipuleggja gróskumikla íbúða- og atvinnuuppbyggingu. Hið sama verður sagt um Keldnaland í Reykjavík, sem er á sama samgönguáás, sem og Úlfarsárdal í Reykjavík.

Aðalleið Strætó í Mosfellsbæ, **leið 15, situr á morgnana og síðdegis föst í umferð** og traffík eins og allir aðrir venjulegir bílar fólks sem eru á leið til vinnu frá Mosfellsbæ, Grafarholti, Grafarvogi, Úlfarsárdal, Akranesi og öðrum nærsveitum. **Vegna þessa er strætóleið 15 nánast ónothæf frá kl. 07-09 og frá 15:30 til 17:30 alla virka daga.** Almenningssamgöngur sem sitja jafn fastar í umferð og venjulegir bílar, munu seint fá venjulegt fólk til þess að leggja einkabílum og velja strætó. Flest fólk telur við slíkar aðstæður að það geti allt eins verið á einkabíl.


Vegagerðin sér um Þjóðveg 1 og þar með allan Vesturlandsveg allt frá Mosfellsbæ og í gegnum Reykjavík. Við Elliðaár hefur Reykjavíkurborg og Vegagerðin látið útbúa sérstaka akgrein fyrir Strætó svo hann komist leiðar sinnar (rauð akgrein).

Strætó úr Mosfellsbæ er ónothæfur við núverandi ástand á leið til og frá vinnu. Undirritaður telur nauðsynlegt og hvetur ykkur til þess að hefja samstarf við Vegagerðina um að nýta pláss og veghelgunarsvæði **til að láta leggja sérakgrein fyrir Strætó á núverandi Vesturlandsvegi** frá Mosfellsbæ og til Reykjavíkur, svo almenningssamgöngur verði nothæfar fyrir íbúa Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær getur ekki beðið og íbúar geta ekki unað við núverandi ástand almenningssamgangna til ársins 2044 eða hvenær sem Borgarlína kemst í gagnið.

Virðingarfyllst,

Haldór Hallgrímsson Gröndal

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Haldór H. Gröndal', with a stylized flourish at the end.